

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2020  
UST202004-240/B.S.  
08.14.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Brennsluofn á Strönd á Rangárvöllum. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.

Fyrirhugað er að setja upp brennsluofn fyrir dýrahræ í Sorpstöð Rangárvallasýslu á Strönd. Hámarksafköst ofnsins eru um 700 kg/klst. Ofninn er vottaður af stjórnvöldum í Bretlandi og hafa minni ofnar frá sama framleiðanda verið notaðir af nokkrum sláturleyfishöfum hérlendis.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda tillögu og telur að hún taki til þeirra þátta sem helst skipta máli.

Eins og fram kemur í greinargerð er urðunarstaðurinn á Strönd rekinn samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og er nýtt eða breytt starfsleyfi forsenda reksturs ofnsins.

Virðingarfyllst

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

*Sverrir Aðalsteinn Jónsson*  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
teymisstjóri